

Góðan dag.

Mig langar að segja ykkur af reynslu minni, ekki sem fagmanneskja á nokkurn hátt heldur sem foreldri leikskólabarna. Tvíburadætur mínar, Elísabet og Margrét, voru á leikskólanum Sólhlíð við Engihlíð í Hlíðahverfinu frá hausti 2002 til vors 2007.

Við mæður þeirra vorum auðvitað alveg jafn sjálfhverfar og aðrar mæður, fullvissar um að aldrei hefðu fæðst önnur eins börn og ákveðnar í að tryggja þeim sem allra bestan aðbúnað í uppeldinu. Þess vegna leist okkur ekkert sérstaklega vel á að „þurfa“ að setja englana okkar á einhvern „geymslustað“ sem hlaut að vera svo miklu verri en heimili okkar. Og okkur leist ekkert á Sólhlíð við fyrstu sýn. Húsið er gamalt íbúðarhús, alls ekki hannað með þarfir leikskólabarna og taugaveiklaðra mæðra í huga. Blessuð börnin paufuðust upp og niður snarbratta stigana og aðstaðan var fyrir neðan allar hellur. Fannst okkur, viðvaningunum.

Ég þarf nú aðeins að staldra við og útskýra af hverju ég var svona óskaplega þversum í leikskólamálum. Þar var ekki bara vegna þess að aldrei höfðu fæðst önnur eins börn. Ég ólst auðvitað upp á þeim tímum þegar leikskólavist var ekki í boði fyrir alla. Mamma mín var heima með okkur systkinin fimm og það hvarflaði aldrei að nokkrum manni að það væru ekki æskilegastu uppeldisaðstæðurnar. Við systkinin vorum auðvitað eins og blómi í eggjum, mamma alltaf tiltæk og leikskólar voru, í vitund okkar og svo margra annarra, geymslustaðir fyrir þá sem voru ekki eins lánssamir. Staður, þar sem börn lærðu eintóma ósiði af öðrum börnum.

Þótt umönnun mömmu væri yndisleg, þá kom í ljós þegar fram liðu stundir að við systkinin áttum eftir að lifa svo allt öðru vísi lífi en foreldrar okkar. Það gildi fyrst og fremst um okkur systurnar. Áður höfðu mæður verið fyrirmyndir dætra sinna, sem allar fóru sömu leið, giftust, eignuðust börn og áttu fyrst og fremst hlutverki að gegna á heimilinu. Utan heimilisins varð heimurinn hins vegar sífellt flóknari.

Þegar komið var fram á árið 2002 var heimurinn orðinn svo flóknur, að það var ekki nokkru foreldri ætlandi að geta undirbúið börn sín undir hann svo vel væri með því að hafa þau heima. Ég treysti mér alla vega ekki til að sýna dætrum mínum allt litróf mannlífsins með því að sinna þeim heima í Barmahlíð. Þar að auki hafði ég menntað mig til starfa utan heimilisins og þannig fyrirmynd vildi ég verða þeim. Það verður ekkert aftur snúið: þær munu líka mennta sig til þeirra starfa sem hugur þeirra stendur til.

Ævintýrabækurnar, sem ég las í bernsku, voru allar nokkuð einsleitar. Í þeim voru karlkyns hetjur og prinsessur, sem flestar höfðu vit á að halda kjafti og vera sætar, eins og þeim bar. Ævintýrabækurnar, sem ég les fyrir dætur mínar, eru allt öðruvísi og sýna að stelpur ráða örlögum sínum sjálfar. Þessu til sönnunar ætla ég að lesa upp úr einni uppáhaldssögunni okkar, um hana Perlu prinsessu. Hún átti sjö eldri bræður, en fann á sér að hún ætti að verða drottning.

„Af hverju eignaðistu mig ekki fyrst?“ spurði Perla móður sína frekjulega.

Birgitta drottning brosti: „Það er ekki hægt að velja sér barn,“ sagði hún. „Bræður þínir komu hver á fætur öðrum. Ég lofaði þabba þínum að hann myndi eignast dótturina sem hann þráði svo heitt og loksins eftir langa bið fæddist þú.“

Perla hvessti augun. „Í gamla daga,“ sagði hún myrkum rómi, „voru óvelkomin börn borin út og urðu úlfunum að bráð.“

Perla prinsessa hefur metnað til að ná langt í lífinu, þótt deila megi um innræti hennar. Í ævintýrinu gerir hún sitt allra besta til að ryðja bræðrum sínum sjö úr vegi, mátar kórónu föður síns þegar hann sér ekki til og eyðir heilli minnisbók í að æfa sig í konunglegri undirskrift sinni. Hún spyr foreldra sína ítrekað um heilsufar þeirra. Þeim finnst umhyggja hennar hjartnæm í fyrstu, en síðan heldur illkvittnisleg.

Þótt Perla prinsessa teljist seint æskileg fyrirmynd og útrýmingarherferð hennar takist heldur óhönduglega þá lætur hún engan bilbug á sér finna. Hún er hin nýja, ákveðna kona, sem lætur engan stöðva sig.

Í þessari sömu ævintýrabók er frásögn af Elísabetu prinsessu. Pabbi hennar er þeirrar skoðunar að prinsessur eigi að sjást, en í þeim eigi ekki að heyrast. Þegar dreki rænir Elísabetu og krefst gríðarlegs lausnargjalds gengur Elísabet einfaldlega til liðs við drekann og nær fúlgum fjár af þessum forpokaða föður sínum.

Í enn einni sögunni hristir Pálína prinsessa af sér hrútleiðinlegan vonbiðil. Pálína er afskaplega óprinsessuleg, hún sveiflar kórónunni í kringum sig í stað þess að bera hana settlega á höfði, harðneitar að ganga í sparilegum blúndukjólum, kann hvorki að sauma né dansa og getur ekki setið hljóð á hallarsýningum. Pabbi hennar telur að þessi ómögulega dóttir þurfi einbeittan eiginmann með mikla ábyrgðarkennd. Hann kemst hins vegar að raun um að hún á betra skilið en Pétur prins, sem er álíka spennandi og þriggja vikna samloka, að mati Pálínu, enda talar maðurinn út í eitt um nýtísku skólþkerfi, vatnakarfa og nauðsyn ullarsokka að vetrarlagi.

Ég hef nú rakið nokkur dæmi um ævintýri yngstu kynslóðarinnar. Vissulega ber að hafa varann á sér þegar söguhetjurnar eru barnungir fjöldamorðingjar og fjárkúgarar, en ævintýrin sýna svo sannarlega svart á hvítu að heimurinn hefur breyst og viðhorfin með. Og í nýjum heimi þarf ný tök á börnum.

Þetta vissi fólkið á Sóhlíð. Systrunum leið strax afskaplega vel þar og við mæðurnar létum fljótlega heillast með. Starfsemin í þessu vonda húsi var nefnilega alveg einstök.

Það er af svo miklu að taka, þegar ég byrja að tala um Sóhlíð. Þar var til dæmis talað fjálglega um allt milli heima og geima. Hinir krakkarnir þurftu auðvitað að ræða við stelpurnar mínar um hvernig það sé að eiga tvær mömmur. Hópurinn velti líka fyrir sér tyrkneskum þabba einnar stelpunnar og þá var ákveðið að fræðast um Tyrkland. Sum höfðu átt heima á hinum Norðurlöndunum, önnur voru af frönskum ættum og svo var það vinkona

þeirra, sem fæddist í Kína og á núna íslenska mömmu. Sumir foreldrar höfðu skilið og þá þurfti að ræða það í þaula, eða litlu systkinin sem þau eignuðust.

Stundum komu upp vandamál í samskiptum, einn daginn var kvartað undan að einhver hefði skilið aðra útundan og þá þurfti að taka á því. Þau vissu ósköp vel að það átti ekki að skilja einhvern útundan, velja sér vini eftir útliti, segja eitthvað ljótt við aðra eða hæðast að klæðaburði, hárgreiðslu og talsmáta.

Stundum fór allur krakkaskarinn í heimsókn til gamla fólksins á Droplaugarstöðum. Þar var til dæmis tekið slátur, nokkuð sem ég hef aðeins gert einu sinni og hef ekki hugsað mér að gera aftur. Ég var því afskaplega fegin að einhver sá til þess að dæturnar fengju að kynnst sláturgerð og rabba í leiðinni við fólk sem mundi tímana tvenna.

Ég hef alltaf verið alveg þokkalega ánægð með mig og mína konu sem foreldri og uppalandur. Samt efast ég um að við hefðum náð að veita dætrum okkar allt það sem Sóhlíð veitti þeim. Þar voru þær í litlum, afmörkuðum heimi, einhvers konar mini-cosmos með öllum þeim fjölbreytileika sem því fylgdi. Þær voru ekki í neinni geymslu, heldur í félagsskap annarra barna frá ólíkum heimilum sem kenndu þeim ótal margt um lífið. Og í umsjá kvenna sem ég treysti jafn vel og mér og mömmu þeirra til að hugsa um þær, hvort sem þær þurftu fræðslu um lífið fyrr og nú, tilsögn í mannasiðum eða koss á bágtið. Þarna störfuðu líka karlmenn, fáir að sönnu en bráðnauðsynlegir litlum stelpum sem umgengust ekki aðra karlmenn daglega.

Síðasta veturinn voru stelpurnar mínar í skólahóp og undirbjuggu sig fyrir grunnskólanám. Innan leikskólans var virðingarröðin afskaplega skýr, enda höfðu þær systur beðið í ofvæni eftir að verða nógu gamlar til að fá að tilheyra þessari akademísku elítu.

Við mömmurnar áttuðum okkur auðvitað á að það skipti alls engu máli þótt Sóhlíð hefði ekki verið byggð sem leikskóli í upphafi. Starfsemin er öll byggð upp með börnin í huga og þann fjölbreytilega heim, sem þau þurfa að takast á við þegar alvara lífsins tekur við. Við verðum Sóhlíð, með Lindu, Rósu, Gunnu, Guðrúnu, Elsu og öllum hinum starfsmönnum ævarandi þakklátar.

Leikskólinn var bráðnauðsynlegur okkur mæðrunum, sem gátum haldið áfram að stunda vinnu okkar og verið þannig mikilvægar fyrirmyndir dætrum okkar. Hann var ómetanlegur fyrir dæturnar. Þjóðfélagið er miklu flóknara og litríkara en áður og vonlaust að ætla heimavinnandi foreldrum að kynna börn sín þeirri miklu flóru. Ég myndi alla vega ekki treysta mér til þess.

Í mínum huga er barnvænt samfélag það samfélag, sem býður upp á leikskóla eins og Sóhlíð. Leikskóla, sem starfar í nánnum tengslum við veruleikann utan dyra og stuðlar þannig að þroska barnanna.